**145. löggjafarþing 2015–2016.**
**Þingskjal 326 — 297. mál.**

# Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um kennaramenntun og námsárangur.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvernig kom kennaramenntun hér á landi út í samanburði við kennaramenntun í öðrum OECD-ríkjum í skoðun sem erlendir aðilar voru fengnir til að gera fyrir Háskóla Íslands?
2. Uppfylla kennarar sem útskrifast frá menntavísindasviði Háskóla Íslands kröfur sem gerðar eru til útskrifaðra kennara í öðrum ríkjum OECD?
3. Hvað telur ráðherra helst skýra slakan námsárangur barna hér á landi? Telur ráðherra t.d. að
   a. slakan námsárangur megi rekja til einhæfs kennaranáms,
   b. slakan stærðfræðiárangur megi rekja til þess að stærðfræðikennsla hafi verið lestrarmiðuð?

**Skriflegt svar óskast.**